

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar (ÁÓÁ, GSB, BÁ, ÁPÁ, BJJ, JónG, BjörkG).

1. Við 2. gr.
  - a. Í stað orðanna „innan sex vikna“ í 1. efnismáls. komi: innan tólf vikna.
  - b. Í stað orðanna „innan sex mánaða“ í 2. efnismáls. komi: innan níu mánaða.
  - c. Í stað orðanna „alls 12 mánuði“ í 3. efnismáls. komi: alls 24 mánuði.
  - d. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lögmaður eða löggiltur endurskoðandi sem ráðinn hefur verið af fjármálafyrirtæki til að aðstoða við að koma nýrri skipan á fjármál þess, sbr. 10. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, skal ekki vera skaðabótaskyldur vegna ákvarðana og aðgerða sinna sem aðstoðarmaður nema um sé að ræða brot af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.
2. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar sem orðist svo:
  - a. (3. gr.)

3. mgr. 103. gr. laganna orðast svo:

Þegar ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. miða réttaráhrif við frestdag skal viðskipti á búi fjármálafyrirtækis frestdagur miðast við það tímamark er Fjármálaeftirlitið veitti því frest að hætti 4. mgr. 86. gr. eða skipaði því skilanefnd á grundvelli 100. gr. a, en ef hvorugt af þessu er undanfari skipta skal miðað við þann dag sem héraðsdómara berst krafa Fjármálaeftirlitsins skv. 1. eða 2. mgr. 102. gr.
  - b. (4. gr.)

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Leiti fjármálafyrirtæki eftir heimild til greiðslustöðvunar eða framlengingar greiðslustöðvunar samkvæmt kröfu Fjármálaeftirlitsins á grundvelli 100. gr. a skal slík heimild veitt án tillits til ákvæða 4. og 6. tölul. 2. mgr. 12. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.
3. Við ákvæði til bráðabirgða:
  - a. Í stað orðanna „á grundvelli 3. mgr. 98. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga þessara“ í 1. efnismáls. komi: á grundvelli 2. mgr. 98. gr. laganna.
  - b. Í stað orðanna „3. mgr. 12. gr.“ í 3. efnismáls. komi: 4. mgr. 17. gr.